

125. löggjafarþing 1999–2000.
Þskj. 608 — 355. mál.

Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um nefnd um þriggja fasa rafmagn.

Frá Helgu A. Erlingsdóttur.

Hvað líður vinnu nefndar um þriggja fasa rafmagn í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á 123. löggjafarþingi (þskj. 1128, 204. mál) þar sem Alþingi fól ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera úttekt á því hve mikið vantaði á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu, meta þörf atvinnulífs á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því?